um frumv. til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Á Alþingi 1913, var borin fram tillaga um mælingu á túnum og matjurtagörðum á öllu landinu; var skorað á stjórnina, að rannsaka og undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvernig og á hvaða hátt auðveldast væri að koma þessu máli í framkvæmd, og kæmi það í ljós við þá rannsókn, að skipa þyrfti fyrir með lögum um mælingar þessar, lagði neðri deild það til, að stjórnin legði frumvarp um það fyrir Alþingi.

Stjórnin leitaði álits og tillagna Búnaðarfjelags Íslands um málið. Búnaðarfjelagið reyndi fyrst að komast fyrir um það, hvað mælingarnar mundu kosta og ljet í því skyni gera tilraunamælingar í öllum fjórðungum landsins. Eftir þeim tilraunum komst fjelagið að þeirri niðurstöðu, að mælingarkostnaðurinn myndi verða um 8 krónur á hvert býli í landinu. Hagstofan telur munu vera 6500 býli á landinu, og verður þá allur mælingarkostnaðurinn samkvæmt áætlun Búnaðarfjelagsins um 52000 krónur.

Þetta álit sitt sendi Búnaðarfjelagið svo Stjórnarráðinu í vor sem leið, ásamt frumvarpi til laga um mælingarnar og var það frumvarp síðan flutt í neðri deild, á öndverðu þessu þingi, og fylgdi því brjef og athugasemdir Búnaðarfjelagsstjórnarinnar um málið í heild sinni.

Samkvæmt frumvarpi þessu átti landssjóður að bera um helming kostnaðarins, en hinn helminginn áttu jarðeigendur að greiða. Sýslunefndirnar áttu að sjá um framkvæmd mælinganna samkvæmt reglugjörð er Stjórnarráðið setti.

Í meðferð málsins í neðri deild urðu allmiklar breytingar á frumvarpinu. Framlag landssjóðs var lækkað um helming og framlög landsmanna aukin að því skapi. Auk þess var umsjón og framkvæmd mælinganna lögð á Búnaðarsambönd landsins, og í þessari mynd kom frumvarp þetta í hendur efri deildar.

Nefndin telur það landsþörf að fá nokkurnveginn áreiðanlegar skýrslur um ræktað land á öllu landinu og telur því sanngjarnt, að landssjóður leggi nokkurt fje fram til mælinganna; þykir nefndinni neðri deild hafa lækkað framlag landssjóðs helst til mikið, frá því sem það var ákveðið í frumvarpi Búnaðarfjelagsins, og leggur því til, að 2 kr. gjald það, sem samkvæmt frumvarpinu á að borgast úr landssjóði fyrir hvert býli, verði hækkað upp í 3 krónur; verður kostnaður landssjóðs af mælingunum með því móti 6500 × 3 = 19500 krónur, eða liðugur þriðjungur af hinum áætlaða kostnaði, og telur nefndin það ekki of langt farið, þar sem hjer er að ræða um það, að fá ábyggilegan grundvöll undir hagskýrslur landsins í þessu atriði.

Samkvæmt þessu, verður þá sá hluti kostnaðarins, er landeigendur bera 32500 krónur. Í frumvarpi Búnaðarfjelagsins voru sett takmörk fyrir því, að mælingarkostnaður á einstökum jörðum, sem hátt eru metnar, án þess að matið eða hundraðatala þeirra standi í nokkru hlutfalli við túnstærð þeirra, gæti stigið óeðlilega hátt. Þessi takmörk feldi neðri deild burtu. Er svo ákveðið í frumvarpinu, að hreppsnefnd jafni þeim hluta kostnaðarins, er ekki greiðist úr landssjóði, niður að hálfu eftir býlatölu, en að hálfu eftir hundr-

aðatölu; getur hundraðatölu helmingurinn á hátt metnum jörðum numið svo háum upphæðum, að þær standi ekki í neinu sanngjörnu hlutfalli við mælingarverkið á þeim. Þetta telur nefndin alls ekki sanngjarnt, og leggur því til, að þessi hluti kostnaðarins fari þó aldrei fram úr 10 krónum á býli; verða þá þær jarðir, sem hátt eru metnar, án tillits til, hve mikið ræktað land þær hafa, tiltölulega harðar úti en hinar.

Þær jarðir, sem svona er ástatt um, og sem því þessi undantekning nær til, eru ekki ýkja margar, en þó svo margar, að rjett virðist að taka þetta til greina.

Að því, er kemur til hinnar aðalbreytingar neðri deildar á frumvarpinu, að Búnaðarsamböndin hafi á hendi mælingarnar, þá verður nefndin að líta svo á, að löggjafarvaldið hafi naumast rjett til að leggja þá kvöð á þessi fjelög. Búnaðarsamböndin eru fjelagsskapur einstakra manna með ákveðnu verkefni, þau eru studd af fjárframlögum einstakra manna og alls ekki neinn liður í landsstjórninni, er hið opinbera geti lagt skyldur og kvaðir á, með lögum. Auk þess hafa þau ekki svo mönnum skipað, að þau geti tekist þetta verk á hendur, án þess að láta hin eiginlegu viðfangsefni nú sitja á hakanum; líka má benda á það, að þessi fjelagsskapur getur horfið úr sögunni, án þess að landsstjórnin fái nokkru þar um ráðið.

Nefndin telur því rjettara, að landsstjórnin hafi mælingarnar með höndum í samráði við sýslunefndirnar og með eftirliti sýslumannanna; ræður hún hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr.

Síðari málsliður greinarinnar orðist svo:

Stjórnarráðið útnefndir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndirnar gera tillögur um tilnetninguna; það semur reglugjörð um mælingarnar og lætur sýslumenn hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

2. Við 3. gr.

Fyrir »2« komi:

3.

3. Við 3. gr.

Orðin: »búnaðarsambandi ... ... þær« í niðurlagi greinarinnar falli burt.

4. Við 4. gr.

Aftan við 2. málslið greinarinnar bætist:

Þó má sá helmingur, sem miðaður er við hundraðatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli.

Efri deild Alþingis, 3. sept. 1915.

Jósef Björnsson, form. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.

Karl Einarsson.